



Sorpurðun Vesturlands

Sorpurðun Vesturlands – aðalfundir

17. AÐALFUNDUR SORPURÐUNAR VESTURLANDS HF.

Borgarnesi, 28. mars. 2014 kl. 9:30.

Kristinn Jónasson, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um Svein Pálsson sveitarstjóra Dalabyggðar sem fundarstjóra, og Hrefnu B. Jónsdóttir fundarritara. Fundarstjóri var aðeins seinn vegna hálfu á Bröttubrekku en tekur við fundarstjórn þegar hann mætir.

Dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Fundarstjóri bar upp tillögu frá stjórn um uppstillingarnefnd. Tilnefndir voru: Friðrik Aspelund og Regína Ásvaldsdóttir. Nefndin hóf störf.

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður flutti skýrslu stjórnar. Hann gerði m.a. grein fyrir nýju starfsleyfi Sorpurðunar Vesturlands sem var gefið út af Umhverfisstofnun í febrúar sl. Starfsleyfi þetta var búið að hafa langan fæðingartíma og fékk Sorpurðun Vesturlands hf. Tvígang undanþágu frá starfsleyfi vegna þess hve ítarleg rannsóknargögn þyrfti að vinna vegna umsóknarinnar. Alls voru 11.883 tonn af úrgangi urðuð í Fíflholtum árið 2013. Af því magni komu 2.141 tonn frá Vestfjörðum og rest, eða 9.742 tonn frá Vesturlandi. Árið 2012 bárust 9.900 tonn til urðunar og varð því nokkur aukning milli ára. Sú aukning á sér m.a.a skýringu í 1.352 tonnum af síldargrút úr Kolgrafarfirði. Alls hefur urðunarstaðurinn tekið á móti 138.534 tonnum til urðunar frá upphafi.

Kristinn fór yfir reksturinn í Fíflholtum á árinu. Hefðbundin störf sem sinna þarf vel eins og taka sýni og senda þau til greiningar í réttar áttir en Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur, sér um þá vinnu. Samþykkt var vanskilaregla á árinu en stjórn þótti ástæða til setja fram skýrar línur hvað það varðar og loka á móttöku úrgangs sé ekki staðið í skilum.

Á árinu var ráðist í umfangsmiklar endurbætu á asbestgryfju urðunarstaðarins. Gerðar voru nákvæmar yfirborðsmælingar á svæðinu og í framhaldi af þeim fyllt upp í botn gryfjunnar með þéttu efni. Vatni sem sfnadist saman var veitt út í frárennisskurð sem grafinn var norðan megin við urðunarsvæðið til þess að losna við yfirborðsvatn. Sett var ræsi undir veginn sem liggur að urðunarrein 4, norðanmegin, og vatnið leitt þar út í skurð. Einnig var dren frá asbestgryfjunni bætt til muna.

Nýtt starfsleyfi gerir ráð fyrir urðunarrein 4 sem nýjum urðunarstað. Var eldra svæði afmarkað með hnitsetningu og lokunarferli undirbúið. Með þessari leið sagði Kristinn vera búið að tryggja það að ekki verði gerð á okkur krafa um að leggja gassöfnun í eldri reinarnar.

Nýtt starfsleyfi gerir ráð fyrir talsvert viðameiri mengunarmælingum en það eldra og verður að sætta sig við það.

Kristinn fór yfir verkefni Alexöndru Kjeld, mastersnema í umhverfis- og verkfræðideild hjá HÍ. Verkefni hennar gengur út á rannsókn sem skoðar möguleika á að draga úr losun metans frá urðunarstöðum með oxandi yfirborðslagi. Formaður reifaði hugmyndir um að vinna áfram að þessu verkefni en það er í skoðun þessa dagana. Lúðvík Gústafsson, verkefnisstjóri umhverfismála hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga aðstoðar við áframhaldandi skoðun þess.

Að lokum fór hann yfir endurbætur á hreinsikerfi urðunarstaðarins sem unnið var í lok síðasta árs. Hann sagði stjórn leggja til að greiddur verði 20% arður til hluthafa og þakkaði að lokum framkvæmdastjóra, Hrefnu B. Jónsdóttur, fyrir góð störf fyrir félagið.

2. Ársreikningar félagsins og grænt bókhald.

Hrefna B Jónsdóttir framkvæmdastjóri skýrði ársreikninga félagsins.

Tekjur ársins kr.83.555.344. Rekstrargjöld 65.132.859 kr. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði 18.422.485 kr. Fjármunatekjur 2.260.456 kr. Hagnaður ársins eftir tekjuskatt kr. 16.542.593 Eigið fé og skuldir samtals kr. 97.378.912.

Framkvæmdastjóri skýrði rekstur félagsins og umfangmikla vinnu árána 2012 og 2013 vegna undirbúningsvinnu að endurnýjun starfsleyfis.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir skýrslu um grænt bókhald fyrirtækisins vegna ársins 2012 sem er aðgengileg á heimasíðu SSV/Sorpurðunar og Umhverfisstofnunar.

http://ssv.is/Files/Skra_0060316.pdf

3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

Gerð er tillaga um að laun stjórnarmanna í Sorpurðun Vesturlands hf. taki mið af launum stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

Greiðslur fyrir fund miðast við þingfararkaup. Formaður 6% kr. 37.802 aðrir 3% kr. 18.901. Greiðslur fyrir ferðakostnað samkvæmt reglum RSK.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri upplýsti fund um lögmæti fundarins samkvæmt umboðum frá hluthöfum.

4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.

Fundarstjóri bar upp tillögu um 20% arðgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu þess efnis að hagnaður ársins 2013 verði færður til hækkunar eigin fjár. Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Kosning stjórnar

Gyða Steinsdóttir flutti tillögu uppstillingarnefndar:

Auður Ingólfssdóttir Gyða Steinsdóttir
Friðrik Aspelund Kristinn Jónasson
Halla Steinólfssdóttir Sævar Jónsson
Ingibjörg Valdimarsdóttir

Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt samhljóða.

6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.

Lögð var fram tillaga um að KPMG endurskoðun sjái áfram um endurskoðun félagsins. Skoðunarmaður félagsins Davíð Pétursson. Samþykkt samhljóða.

7. Lagabreytingar.

Engar.

8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Engin.

Kristinn þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu og sagði fundi slitið.

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir